

Nefndasvið Alþingis, Fjárlaganefnd

Austurstræti 8-10 150 Reykjavík, nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 29. mars 2020

Efni: Umsögn félagsins Femínísk fjármál um tillögu til þingsályktunar um sérstakt tímabundið fjárfestingaráttak, mál 699, 150. löggjafarþing

Félagið Femínísk fjármál vill í tilefni framlagningar þingsályktunar um sérstakt tímabundið fjárfestingaráttaks senda stjórnvöldum brýningu um að huga að kynjuðum áhrifum þeirra aðgerða sem gripið er til nú á vordögum 2020, til að bregðast við áhrifum heimsfaraldurs COVID-19 veirunnar hérlendis.

Samkvæmt framkomnum tillögum er langmest áhersla á vegaframkvæmdir og byggingariðnað. Um er að ræða mjög kynjaskipta geira þar sem karlar eru í miklum meirihluta. 94% þeirra sem starfa í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð eru karlar á meðan 79% þeirra sem starfa í heilbrigðis- og félagsþjónustu, sem mæðir mikið á núna, eru konur. Tillögunum er ætlað að skapa atvinnu og því er umhugsunarvert hvort að stjórnvöld búi yfir fyrirliggjandi upplýsingum og greiningum um hvort að það séu fyrst og fremst karlar sem muni missa vinnuna í efnahagssamdrættinum, sem gæti réttlætt þessa kynjagslíðu.

Það er að sjálfsögðu gott að sjá að fjárfest verður í innviðum víða um land, m.a. á heilbrigðisstofnunum, en það vekur engu að síður furðu að svo lítið sé í tillögunum sem snýr að uppbyggingu í heilbrigðis- og velferðarkerfinu. Rannsóknir hafa sýnt að fjárfesting í heilbrigðis- og velferðarkerfi skapar atvinnu og skilar sér margfalt til baka í efnahagskerfið miðað við fjárfestingu í byggingariðnaði. Þannig væri hægt að skapa fleiri störf til að efla þjónustu sem skilar sér í bættri lýðheilsu og talar beint inn í þau úrlausnarefni sem mörgum eru hugleikin á þessum sérstöku tímum, t.d. uppbyggingu heilbrigðisstofnanna með því að bæta kjör og aðbúnað, niðurgreiðslu sálfræðiþjónustu fyrir unga sem aldna, áttak hjá lögreglu og félagsþjónustu í aðgerðum gegn heimilisofbeldi o.fl. Í því samhengi er einmitt fagnaðarefni að 100 milljónir fari til Kvennaathvarfsins vegna byggingar húsnæðisúrræðis, en 100 milljónir af 15 milljarða áttaki er auðvitað bara mylsna úr aðgerða-kökunni.

Félagið lýsir yfir áhyggjum sínum yfir því að seinna á árinu muni aðgerðir stjórnvalda fara frá fjárfestingaáttaki yfir í niðurskurð, eins og er hætt við að gerist á tímum efnahagsniðursveiflu. Slíkur niðurskurður gæti haft áhrif á velferðarþjónustu, starfsfólk þess geira og þau sem þurfa á þjónustunni að halda. Verði umönnun á vegum hins opinbera skorin niður í aðhaldsaðgerðum, er þörfin fyrir umönnun ennþá til staðar, og mun þá óhjákvæmilega færast inn á heimilin og langoftast í fang kvenna. Ummönnunarbyrði á Íslandi virðist nú þegar vera meiri en víða annars staðar í Evrópu samkvæmt evrópsku vinnumarkaðsrannsókninni árið 2018.

Félagið Femínísk fjármál lýsir verulegum áhyggjum yfir að stærstu efnahagsaðgerðir stjórnvalda til að takast á við efnahagsleg áhrif COVID-19, virðast vera í litlu samhengi við markmið stjórnvalda um að stuðla að auknu jafnrétti. Félagið hvetur stjórnvöld til að rýna eigin tillögur út frá kynja- og jafnréttissjónarmiðum og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að aðgerðirnar ýti ekki undir misrétti.